
Erró


Erró.

Erró, víðfrægasti myndlistarmaður þjóðarinnar fyrr og síðar, hefur vakið verðskuldaða athygli og þakklæti allra landsmanna með hinni stórmannlegu og ómetanlegu gjöf, nær tvö þúsund listaverkum sínum, er hann færði Reykjavíkurborg við opnun sýningar sinnar á Kjarvalsstöðum á laugardaginn var.

Erró (Guðmundur) fæddist í Ólafsvík 19.7. 1932 og ólst upp hjá móður sinni, fyrst í Reykjavík til þriggja ára aldurs en síðan á Kirkjubæjarklaustri þar sem móðir hans giftist Siggeir Lárussyni, b. þar.

Erró fór til náms í Reykjavík og stundaði þá jafnframt teikninám í kvöldskóla en innritaðist síðan í teiknikennaradeild Handíða- og myndlistaskólans. Hann var við myndlistarnám í Listaháskólanum í Osló 1951–54 og starfaði síðan í Flórens um skeið. Þá stundaði hann nám í gerð mósaíkmynda í Ravena í tvö ár og vann síðan við mósaíkmyndir í nokkur ár. Erró dvaldi í Ísrael í átta mánuði árið 1957 en flutti næsta ár til Parísar þar sem hann kynntist flestum fremstu listamönnum surrelista-hreyfingarinnar. Hann hóf 1958 að vinna samklippimyndir samhliða málverkinu en eftir kynni sín af bandarísku popp-stefnunni 1962 hóf hann að nota samklippurnar í málverk sín og notaði þá myndvörpur í síauknum mæli.

Á sjöunda áratugnum skrifaði hann undir tímabundinn samning við Gallery Schwartz í Mílanó og tók þá þátt í sýningum víðs vegar um Evrópu en starfaði aðallega með galleríinu Saint Germain. Erró er óhemju afkastamikill listamaður en hann hefur unnið markvisst að því að þróa sína eigin sérstæðu myndgerð. Með hverju árinu hafa verk hans orðið eftirsóttari og sjálfur er hann í hópi virtustu myndlistarmanna álfunnar. Hann hefur að undanförnu dvalið til skiptis í Thailandi, París og á Mallorca.

Kona Errós var ísraelsk, Myriam Bat-Josep, en þau slitu samvistum. Dóttir þeirra er Tura, nemi í læknisfræði í París.

Hálfsystkini Errós, sammæðra, eru Lárus Siggeirsson, b. á Kirkjubæjarklaustri; Kristinn Siggeirsson, b. á Hörgslandi, og Gyða Sigríður Siggeirsdóttir, húsmóðir í Reykjavík.

Hálfsystkini Errós, samfeðra, eru Einar, leirkerasmiður í Reykjavík; Ingvi, vélvirki í Reykjavík; Auður, húsmóðir í Reykjavík; Ari Trausti, jarðfræðingur í Reykjavík, og Egill, arkitekt í Reykjavík.

Foreldrar Errós voru Guðmundur Einarsson frá Miðdal, myndhöggvari og málari í Reykjavík, f. 5.8. 1895, d. 23.5. 1963, og Soffía Kristinsdóttir, húsmóðir að Kirkjubæjarklaustri, f. 16.6. 1902, d. 1.2. 1969.

Guðmundur var bróðir Sigríðar, móður Bjarna Guðnasonar prófessors og Bergs lögfræðings, föður Guðna knattspyrnumanns. Guðmundur var sonur Einars, b. í Miðdal, bróður Eiríks, móðurafa Vigdísar forseta. Einar var sonur Guðmundar, b. og hreppstjóra í Miðdal, Einarssonar, b. á Álfstöðum á Skeiðum, bróður Guðmundar, b. í Miðdal, föður Jóns, hreppstjóra á Setbergi, ættföður Setbergsættarinnar. Bróðir Jóns var Sigurður, afi Ottós N. Þorlákssonar, fyrsta forseta ASÍ. Jón var faðir Ingveldar, langömmu Páls Jenssonar prófessors og Gunnars Kvaran listfræðings. Önnur dóttir Jóns var Sigríður, langamma Harðar Sigurgeststssonar, forstjóra Eimskips. Þriðja dóttir Jóns var Sigurbjörg, amma Alfreðs Guðmundssonar, forstöðumanns Kjarvalsstaða, Guðmundar Björnssonar, prófessors og augnlæknis, og Ragnars Júlíussonar.

Einar var sonur Gísla, b. á Álfsstöðum, bróður Ingveldar, móður Ófeigs ríka á Fjalli, langafa Grétars Fells, forseta Guðspekifélagsins.

Móðir Guðmundar hreppstjóra var Margrét, dóttir Hafliða, b. á Birnustöðum á Skeiðum, Þorkelssonar og Vigdísar Einarsdóttur. Móðir Einars í Miðdal var Vigdís Eiríksdóttir. Móðir Guðmundar frá Miðdal var Valgerður, dóttir Jóns, formanns á Bárekseyri á Álftanesi, og Sigríðar Tómasdóttur, systur Margrétar, langömmu Einars Benediktssonar sendiherra.

Soffía, móðir Errós, var dóttir Kristins, b. á Miðengi, Guðmundssonar, b. á Miðengi, Jónssonar, b. á Selfossi, Einarssonar, b. á Selfossi, Þorleifssonar á Selfossi Valdasonar, b. á Fljótshólum, Eiríkssonar.

Móðir Soffíu var Sigríður Bjarnadóttir, b. á Arnarbæli í Grímsnesi, Ögmundssonar, b. á Oddgeirshólum í Flóa, bróður Guðrúnar, móður Salvarar, langömmu Björns Th. Björnssonar listfræðings. Ögmundur var sonur Þorkels, b. á Heiðarbæ í Þingvallasveit, Loftssonar og Salvarar Ögmundsdóttur, b. á Hrafnkelsstöðum, Jónssonar, b. þar, Jónssonar, b. á Stóra-Núpi, Magnússonar, b. í Bræðratungu. Móðir Jóns var Þórdís Jónsdóttir (Snæfríður Íslandssól).

Móðir Bjarna í Arnarbæli var Sigríður Bjarnadóttir, b. í Hjálmholti Stefánssonar, b. í Árbæ í Holtum, Bjarnasonar, b. á Víkingslæk, Halldórssonar, ættföður Víkingslækjarættarinnar.


Móðir Sigríðar á Miðengi var Sigríður Stefánsdóttir, prests á Felli í Mýrdal, Stefánssonar, prest á Stóra-Núpi, Þorteinssonar, prests á Krossi í Landeyjum, Stefánssonar. Móðir Stefáns á Felli var Guðný, systir Ástríðar, langömmu Þorláks O. Johnsen kaupmanns, langafa Einars Laxness, framkvæmdastjóra Menningarstjóðs. Guðný var dóttir Þorláks, lögréttumanns að Móum á Kjalarnesi, Gestssonar.

Móðir Sigríðar í Arnarbæli var Kristín Ólafsdóttir, aðstoðarprests í Sólheimaþingum, bróður Páls, rektors og orðabókarhöfundar. Systir Ólafs var Valgerður, ættmóðir Briemsættarinnar. Önnur systir Ólafs var Hólmfríður, langamma Gunnlaugs Scheving listmálara og Jóns, föður Torfa, fyrrv. skólastjóra Myndlista- og handíðaskólans, en bróðir Jóns var Hálfdán stórkaupmaður, faðir Gunnars, framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagsins. Hólmfríður var einnig langamma Magnúsar, b. á Lágum, langafa Garðars Cortes óperustjóra. Þá var Hólmfríður langamma Margrétar, ömmu Ellerts Schram ritstjóra, og Herdísar, langömmu Páls Magnússonar fréttastjóra.

Ólafur var sonur Árna, prest í Holti undir Eyjafjöllum, Sigurðssonar og Kristínar Jakobsdóttur, systur Jóns, föður Jóns Espólín.

Afmæli

Stefán Jasonarson


Stefán Jasonarson.

Stefán Jasonarson, fyrrverandi bóndi í Vorsabæ í Flóa, er sjötíu og fimm ára í dag.

Stefán er fæddur og uppalinn í Vorsabæ í Gaulverjabæjarhreppi í Flóa og hefur átt þar heimili alla tíð. Hann stundaði nám í Íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal veturinn 1937 til 1938, veturinn eftir í Héraðsskólanum á Laugarvatni og veturinn 1940 til 1941 í Námsflokkum Reykjavíkur.

Frá árinu 1943 til 1988 var Stefán bóndi í Vorsabæ. Hann býr enn í Vorsabæ en sonur hans og tengdadóttir hafa tekið við búinu.

Stefán hefur tekið mikinn þátt í félagsmálum sveitar sinnar og héraðs. Hann var formaður Ungmennafélagsins Samhygðar frá 1936 til 1964, að einu ári undanskildu. Formaður kirkjukórs Gaulverjabæjarsóknar var hann frá 1955 til 1985 og formaður áfengisvarnanefndar 1956 til 1984.

Stefán var hreppstjóri í sínum hreppi frá 1963 til 1984. Hann sat í fulltrúaráði Mjólkurbús Flóamanna frá 1950 til 1989 og Mjólkursamsölunnar 1968 til 1989. Í stjórn Búnaðarsambands Suðurlands frá 1959 til 1987 og formaður frá 1969 til 1987. Í Laugardælanefnd Búnaðarsambandsins frá 1969 og síðar í stjórn tilraunastarfsins á Stóra-Ármóti til 1988. Í stjórn Skógræktarfélags Árnesinga var Stefán frá 1966 til 1986.

Stefán var formaður landsmóts ungmennafélaganna á Laugarvatni 1965 og í framkvæmdanefnd landbúnaðarsýningarinnar á Selfossi 1978. Hann hefur unnið mikið fyrir klúbbana Öruggur akstur, setið þar í stjórnum og rætt um umferðarmál á fundum í flestum byggðarlögum landsins.

Stefán var í framkvæmdanefnd heimildarkvikmyndarinnar „Í dagsins önn" frá 1950 til 1987. Hann hefur verið fréttaritari Útvarpsins frá 1958 og Sjónvarpsins frá stofnun þess. Hann hefur auk þess skrifað fjölda greina í blöð og tímarit og flutt erindi í útvarp.

Stefán er sonur Jasonar Steinþórssonar frá Arnarhóli í Flóa og konu hans, Helgu Ívarsdóttur frá Vorsabæjarhjáleigu. Jason var fæddur 12. febrúar 1872 og lést 27. mars 1952. Hann var bóndi í Vorsabæ frá 1903 til 1943 en bjó seinast á Selfossi.

Helga húsfreyja í Vorsabæ, móðir Stefáns, var fædd 20. maí 1871 og lést 7. júní 1917. Fósturmóðir Stefáns var Kristín Helgadóttir frá Súluholti í Flóa, fædd 29. nóvember 1884 og lést 2. júlí 1977. Hún var húsfreyja í Vorsabæ frá 1918 til 1943.

Stefán átti fjögur alsystkini en þau eru nú öll látin. Þau voru:

Þórður, byggingameistari í Reykjavík, fæddur 11. maí 1907, látinn 1. september 1980. Kona hans var Jóna Þórðardóttir og áttu þau tvö börn.

Sigríður, húsfrú á Selfossi, fædd 15. nóvember 1908, látin 6. mars 1988. Maður hennar var Júníus Sigurðsson verkamaður. Hann er einnig látinn.

Ívar Kristinn, bóndi og hreppstjóri á Vorsabæjarhóli í Flóa, fæddur 5. júlí 1910, látinn 28. júlí 1963. Kona hans var Guðmunda Jónsdóttir, fædd 29. október 1922. Þau áttu sjö börn.

Steinþór, framkvæmdastjóri á Stokkseyri, fæddur 5. ágúst 1911, látinn 24. ágúst 1955. Kona hans var Dagbjört Sigurðardóttir og áttu þau fjögur börn.

Stefán á þrjú hálfsystkini, samfeðra. Þau eru:

Helga, húsfrú í Reykjavík, fædd 20. janúar 1920. Maður hennar er Egill Hjálmarsson bifvélavirki og eiga þau þrjú börn.

Helgi, pípulagningameistari í Reykjavík, fæddur 9. desember 1921. Kona hans er Áslaug Sigurgeirsdóttir og eiga þau tvö börn.

Guðmundur, rafvirkjameistari í Reykjavík, fæddur 10. október 1925. Kona hans er Bjarney Ólafsdóttir og eiga þau sex börn.

Stefán kvæntist 29. maí 1943 Guðfinnu Guðmundsdóttur frá Túni í Hraungerðishreppi, fæddri 3. september 1912. Hún er dóttir Guðmundar Bjarnasonar og Ragnheiðar Jónsdóttur, búenda í Túni.

Stefán og Guðfinna eiga fimm börn. Þau eru:

Helgi, bóndi og vörubílstjóri í Vorsabæ 2, fæddur 26. apríl 1945. Kona hans er Ólafía Ingólfsdóttir bóndi, fædd 30. maí 1952. Börn þeirra eru Kristín Þóra, Stefán, Guðfinna og Berglind.

Ragnheiður, íþróttakennari og húsfrú á Akureyri, fædd 1. júlí 1946. Maður hennar er Tómas Búi Böðvarsson slökkviliðsstjóri, fæddur 14. nóvember 1942. Synir þeirra eru Böðvar og Hlynur.

Kristín, handavinnukennari og húsfrú, Hurðarbaki í Villingaholtshreppi, fædd 18. september 1948. Maður hennar er Ólafur Einarsson bóndi, fæddur 19. september 1945. Börn þeirra eru Eyrún, Stefán, Fanney og Guðmunda.

Unnur, fóstra og húsfrú í Kópavogi og varaþingmaður Framsóknarflokksins, fædd 18. janúar 1951. Maður hennar er Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda, fæddur 15. ágúst 1937. Synir þeirra eru Finnur og Grímur.

Sveinbjörg, tækniteiknari og húsfrú í Borgarnesi, fædd 17. ágúst 1956. Maður hennar er Hans Lind Egilsson mjólkureftirlitsmaður, fæddur 20. júní 1957. Sonur þeirra er Heiðar Lind.

Stefán verður að heiman á afmælisdaginn.

Til hamingju með afmælið 19. september

90 ára

Þórdís G Bridde,
Bárugötu 8, Reykjavík.

85 ára

Hólmfríður Árnadóttir,
„Fríða í Búðinni á Raufarhöfn",
Vífilsgötu 6, Reykjavík.

75 ára

Þórarinn Þórarinsson,
Hofsvallaötu 57, Reykjavík.

70 ára

Ásta Guðmundsdóttir,
Stóru-Seylu, Seyluhreppi.
Kári Hermannsson,
Grundargerði 7A, Akureyri.
Magnús Indriðason,
Húsey, Seyluhreppi.

60 ára

Guðjón Jónsson,
Sætúni 8, Suðureyri.
Tryggvi Sigurðsson,
Grundartanga 4, Mosfellsbæ.
Þorsteinn Þórisson,
Hamrahlíð 25, Reykjavík.

50 ára

Þórunn Ólafsdóttir,
Arnarsandi 6, Hellu.
Ólöf Ingibjörg Sigurðardóttir,
Gljúfraseli 3, Reykjavík.
Steinunn Sigríður Jónasdóttir,
Heiðarlundi 7H, Akureyri.
Kári Eðvaldsson,
Munkaþverárstræti 17, Akureyri.

40 ára

Hildur Biering,
Stífluseli 5, Reykjavík.
Guðrún Nielsdóttir,
Hlíðargötu 8, Fáskrúðsfirði.
Guðmundur Ó. Baldursson,
Gljúfraseli 11, Reykjavík.
Jón Guðmundsson,
Sævarlandi 20, Reykjavík.
Ingibjörg S. Guðmundsdóttir,
Álfalandi 15, Reykjavík.